

BORGARRÁÐ 11. apríl 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um rýmku á reglum um frístundakort til að heimila notkun fyrir stutt verkefni - R19040147

Lagt er til að reglur um Frístundarkort verði rýmkaðar til að hægt sé að nota það til þátttöku í stuttum verkefnum. Lagt er til að reglur um Frístundarkortið verði víkkaðar þannig að hægt sé að nota það með rýmri hætti en nú er hægt. Reglurnar eru allt of strangar eins og þær eru í dag og niðurnjörfaðar. Eins og reglurnar eru nú „er einungis hægt að nota Kortið hjá félögum og samtökum í Reykjavík. Félagið sem er með námskeiðið þarf að vera með samning við Reykjavíkurborg. Námskeið þarf að vera að minnsta kosti 10 vikur. Kennarinn eða leiðbeinandinn þarf að vera með menntun í því sem er kennt á námskeiðinu og eldri en 18 ára. Húsnæði þar sem námskeið fer fram þarf að vera með rekstrarleyfi. Þetta eru allt of strangar reglur. Um þetta þyrfti að losa. Hægt ætti að vera nota kortið til þátttöku í stuttum íþrótt- og félagslega tengdum verkefnum. Í þessu tilfelli skiptir húsnæði ekki miklu máli og mætti t.d. taka út þann þátt. 10 vikur er allt of langur tími og hentar ekki öllum börnum og unglingum. Sjálfsagt ætti að vera að systkini noti sama kortið ef það hentar þeim.

Greinargerð:

Tillaga Flokks fólksins um að rýmka reglur Frístundarkortsins til að ná utan um hreyfingu eins og sund (kaup á sundkorti) var nýlega felld í borgarráði. Ekki er heldur hægt að nota frístundakortið í starfi félagsmiðstöðvanna né í niðurgreidd sumarnámskeið á vegum borgarinnar eða félaga. Hafa skal í huga að sumir foreldrar hafa ekki ráð á að senda börn sín á sumarnámskeið jafnvel þótt þau séu niðurgreidd. Það skiptir miklu máli að hvetja börn á allan mögulegan hátt til að stunda útiveru og hreyfingu. Borgin ætti því ekki að linna látum fyrr en fundnar hafa verið leiðir sem stuðla að fullnýtingu Frístundarkortsins. Í þessu sambandi er vert að leiða hugann að áhyggjum af þeim börnum sem hafa fest sig fyrir framan tölvuna. Þetta er hópur barna sem finnst erfitt með að víkja frá tölvunum til að fara í skólann eða til að stunda hreyfingu sem er öllum börnum og unglingum afar mikilvægt. Hvað varðar notkun Frístundarkorts í þessu samhengi vill Flokkur fólksins að Frístundarkortið sé ekki hvað síst notað til að hvetja börn og unglinga til hreyfingar og útiveru af hvers lags tagi, þótt ekki sé nema stuttan tíma í einu. Leggja þarf niður höft eins og að:

1. *Einungis er hægt að nota Kortið hjá félögum og samtökum í Reykjavík*
2. *Félagið sem er með námskeiðið þarf að vera með samning við Reykjavíkurborg. Námskeið þarf að vera að minnsta kosti 10 vikur*
3. *Kennarinn eða leiðbeinandinn þarf að vera með menntun í því sem er kennt á námskeiðinu og eldri en 18 ára*
4. *Húsnæði þar sem námskeið fer fram þarf að vera með rekstrarleyfi.*

Allt þetta er bara til að gera börnum og unglingum erfiðara fyrir að nota kortið þar sem mörg hver treysta sér t.d. ekki til að taka þátt í námskeiði sem eru 10 vikur en myndu gjarnan vilja prófa 2-3 vikur. Eins er það allt of stífar kvaðir að kennari þurfi að vera með menntun í því sem kennt er á námskeiðinu. En ómögulegra skilyrði er að húsnæðið verði að hafa rekstrarleyfi. Hér er dæmi um óþarfa flækjustig og ósveigjanleika sem lagt er til að sé afnumið hið fyrsta.